

Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Norður Víkur í Mýrdal



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

NV nr. 21-23

September 2023

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: September 2023
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: 21-23	Verknúmer: 621	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Norður Víkur í Mýrdal		Blaðsíður: 25
		Upplag: 5
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir Kristín Sylvía Ragnarsdóttir		Fjöldi korta: 3
		Gerð skýrslu/Verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Mýrdalshrepp
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Norður Víkur í Mýrdal.		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning		Lykilorð ensk: Archaeological Survey
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Yfirfarið af: MHH

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	1
1. INNGANGUR	2
2. AÐFERÐAFRÆÐI	3
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga	3
2.2 Skráning fornleifa	5
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	5
3.1 Saga	5
3.2 Fornleifaskráning	7
4. NIÐURSTÖÐUR	23
5. HEIMILDASKRÁ	23
6. Kort	25

1. INNGANGUR

Að beiðni George Frumuselu, Skipulags og byggingafulltrúa í Mýrdalshrepp gerði Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna deiliskipulagsreits í landi Norður Víkur í svokölluðu Túnahverfi. Fyrirhugað er að þar verði íbúðabyggð. Svæðið nær jafnframt upp í hlíðar Reynisfjalls þar sem fyrirhugað er að að gera útsýnispall.



Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu Víkur í Mýrdal.

Fornleifaskráning var gerð árið 2004 af Katrínu Gunnarsdóttur¹ en Minjastofnun fór fram á að svæðið væri fornleifaskráð aftur þar sem skráning var ekki fullnægjandi vegna skorts á innmælingum en ekki var gerð krafa um það á þeim tíma sem skráningin var gerð. Vettvangsvinna var gerð 16. maí af Margréti Hallmundsdóttur fornleifafræðingi sem jafnframt sá um skýrslugerð ásamt Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttir fornleifafræðingi.

¹ Katrín Gunnarsdóttir. 2004.



Mynd 2. Deiliskipulagssvæði staðsett í landi Norður víkur. Svæðið afmarkast af Víkurbraut í suðaustri, Austurveg í norðri og austri og Reynisfjalli til vesturs.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af/ kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breytttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma

vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3115 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3115-001.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

3.1 Saga

Vík er í dal, sem myndast milli Arnarstakksheiðar að austan og Reynisfjalls að vestan. Bæirnir voru tveir, Suður-Vík og Norður Vík, sem stóðu sitt hvorum megin við Víkurlæk, er rennur í Víkurá. Bæirnir standa á hæðum upp frá sjónum, en þorpið, sem hér hefur myndast, er aðallega niðri á láglendinu og uppi á hæðarbrúnum, beggja vegna árinna, þó mest vestan hennar.”² Víkur er fyrst getið í málðaga Maríukirkju á Reyni, frá 1340, settum af Jóni biskupi Indriðasyni.³ Vík kemur fyrir í málðögum Þykkvabæjarklausturs frá 1340 og 1523.⁴ Í Sýslu og sóknarlýsingum segir “Fyrir austan Reynisfjall í framanverðri Víkinni fyrir austan Víkurá, stendur Vík í tveimur bæjum, Syðri- og Nyrðri-Vík, með líku viki og lækjargili á milli bæja.”⁵

² Örnefnaskrá Víkur I, 1.

³ Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 742

⁴ Íslenskt fornbréfasafn II, 738; IX, bls.190.

⁵ Skaftafellssýsla. Sýslu og sóknarlýsingar, bls. 242

Í *Jarðatali Jonsen* frá 1847 segir að jörðin Vík sé undir Þykkvabæjarklaustri, dýrleiki sé 24, landskuld sé 1.80, kúgildi séu sex, leiguliðar tveir. Í skýringum í *Jarðatali* segir að árið 1806 hafi Víkurjörðum verið skipt jafnt í Efri- og Syðri-Vík. Eldri jarðabækur, sýslumaður og prestur telja Efri- og Syðri Vík eina jörð. Árið 1769 er landskuldin gjörð 3 h., 20 al á Vík.⁶

Í *Sunnlenskum byggðum* segir „Víkurjarðir tilheyrðu svokölluðum Þykkvabæjarklaustursjörðum, en árið 1886 keyptu jörðina þáverandi ábúendur hennar.“⁷



Mynd 3. Bæjarteikning Herforingjaráðsins af Víkurbæjum frá árinu 1903 (1903.Landmælingar Íslands. 1903).

⁶ J.Johnsens. 1847, bls. 13.

⁷ Sunnlenskar byggðir VI, Skaftárþing. 1985, 378 – bls. 399.

3.2 Fornleifaskráning

Númer: 3115-001

Eldra númer: 163072 205-36

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: 499191,323892

Lengd: 5 m

Breidd: 6 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir

Staðhættir: Vestan megin við veginn sem liggur upp Reynisfjall er rúst af húsi

Minjalýsing: Rústin er mjög greinileg á gömlum loftmyndum⁸ og hefur líklega verið fjárhús með garðlag í kring. Nýlega hefur verið gert bílastæði fast við rústina. Á gamalli loftmynd síðan líklega um miðja síðustu öld er húsið mjög greinilegt og með breiðum veggjum. Í kring um rústina er hlaðin garður [002] á þrjá vegu til að hinda að fé fari í gilið sem er fyrir aftan. Garðurinn með skurðum hefur verið notað sem beitarhólf til. Greinilegt er að rústinn hefur verið sléttuð því afskaplega lítið ef eftir af henni en þó er hún greinanleg. Í skýrslu Katrínar

Gunnarsdóttir segir að húsið hafi verið hlaðið af Magnúsi Ingileifssyni (1888-1967) en hún hefur það eftir heimildamanni að nafni Ólafur Þórðarson.⁹



Mynd 4. Mjög lítið er eftir af rústinni en þó er hún greinileg. Tekið i vestur. Ljós. MHH



0 2.5 5 m

Teikning 1. Innmæling af húsinu

⁸ Loftmynd af www.map.is/innri

⁹ Katrín Gunnarsdóttir 2004:36

Númer: 3115- 002

Eldra númer: 163072 205-36

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: 499176,323901

Lengd: 111 m

Breidd: 1 m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: Aftan við rúst [001] er túngarður. Garðurinn hefur verið notaður ásamt skurðum til að búa til beitarhólf og er rúst [001] fjáhús í því beitarhólfi. Garðurinn liggur milli skurða aftan og til hliðar við rústina. Tilgangur hans hefur verið að varna fé frá því falla niður í djúpan árfarveg sem er fyrir aftan húsið. KG skráði þetta sem kálgarð og á saman númeri og fjárhúsið¹⁰ [001] en alveg ljóst er að garðlagið er ekki kálgarður eins og hann var túlkaður áður.

Minjalýsing: Garðurinn sem liggur aftan við rústina er grasivaxin og er um 1 m á hæð og 111 m á lengd þar sem hann liggur aftan við rústina og tengist við skurði. Garðinn er um 1.5 m á breidd.



Mynd 5. Garðlagið sem er aftan við húsið [001] Tekið í N. Ljósm MHH

Númer: 3115-003

Hlutverk: Áveita

Tegund: Skurður

Staðsetning: 499200,323861

Lengd: 69 m

Breidd: 2 m



Mynd 6. Handgrafin skurður við rúst [001] Skjáskot Loftmyndir

¹⁰ Katrín Gunnarsdóttir 2004:36

Ástand: Slæmt

Horfin: Nei

Staðhættir: í beinu framhaldi af garði [002] sem er aftanvið rúst[001] er skurður sem myndar hól og afmarkar ásamt garðlaginu beitarhól.

Minjalýsing: Inn í þessu hólfi er skurður sem er handgráfin og er 69 m að legnd. Hann sést best á mjög gömlum loftmyndum en er enn greinanlegur en ekki vel.

Númer: 3115- 004

Hlutverk: Óþekkt/útihús

Tegund: Þúst

Staðsetning: 499123,323886

Lengd: 19 m

Breidd: 7 m

Ástand: Illgreinalegt

Horfin: Næstum

Staðhættir: Vestan við veginn upp að Reynisfjalli er tún. Túnið er í brekku ofna við vegin á stalli og sést ekki vel frá veginum.

Minjalýsing: Efst í norð vestur horni túnsins er þúst. Á gamalli loftmynd frá því um miðja síðustu öld¹¹ má greina, það sem virðist vera flöng bygging með tveimur hólum. Mögulega leifar af fjárhúsi með hlöðu.

Þústin er utan svæðis.



Mynd 7. Þústin sem líklega er fallin rúst af útihúsi.
Tekið í V. Ljósm. MHH

¹¹ Loftmynd af www.map.is /innri

Númer: 3115-005

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: 499151,323845

Lengd: 99 m

Breidd: 1.5 m

Ástand: Horfið að hluta

Staðhættir: Á túninu sem rúst [004] stendur á má greina túngarð á gamalli loftmynd, ¹²Um helmingur garðsins er greinilegur í dag.

Minjalýsing: Garðurinn lág í NV-SA og svo fer hann í SV og mælist 99 m á gömlu loftmyndinni. ¹³En aðeins sá hluti sem liggur íu SV er greinilegur í dag. Garðurinn er líklega töluvert gamall. Túnið hefur greinilega verið minna en síðar stækkað og þess vegna eru þessir gömlu ógreinilegu garðar inn á yngra túninu.

Garðurinn er að mestu utan svæðis en var skráður þar sem að útmörk skráningarsvæðis ligga yfir hann að hluta.



Mynd 8. Garðurinn þar sem hann er utan um túnið. Tekið í V. Ljós: MHH

¹² Loftmynd af www.map.is/innri

¹³ Loftmynd af www.map.is/innri

Númer: 3115- 006

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: 499171,323779

Lengd: 17 m

Breidd: 8 m

Ástand: Sæmilegt


Horfin: Nei

Staðhættir: Rétt við þar sem vegurinn upp Reynisfjall og vegurinn sem liggur niður í Vík mætast er rúst af húsi

Minjalýsing: Húsið er undir þaki á loftmynd sem tekin var um miðja 20.öld¹⁴ og þar sést að það hefur haft bárujárn á þaki undir það síðasta. Veggir hafa verið hlaðnir með timbur framhlið. Veggir eru um 50 cm á hæð.



Mynd 9. Greina má mjög lága veggi. Mynd tekin í V. Ljósm. MHH



Teikning 2. Innmæling af rústinni

¹⁴ Loftmynd á www.map.is/innri

Númer: 3115- 007

Hlutverk: Matjurtargarðar

Tegund: Garðlag

Staðsetning: 499157,323777

Lengd: 40 m

Breidd: 5 m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: Nokkrir matjuragarðar virðst liggja í röð sitt hvoru megin við garðlag sem liggur í [007] Tvö hólfin er rétt fyrir aftan rúst [006] vestan megin við húsið.

Minjalýsing: Fjögur hólfi eru greinanleg í dag, tvö aftan við rústina og tvö aðeins fjær en lílega hafa verið 5 til 6 hólfi þarna upphaflega. Garðlagið [008] sem mynda eina hlið þeirra er skáð á sér númer. Samtals eru garðarnir um 40 m á legd og 5 m á breidd og hefur hvert hólfi líkega verið 10x5 m að stærð. Snúa þeir allir til suðurs í skjólgóðum hvammi. Hæð veggja er um 0.40 og breidd 0.5.



Mynd 10. Garðarnir sem líklega hafa verið matjurtargarðar. Tekið í V. Ljósm. MHH



Teikning 3. Innmæling af matjurtargarði [007]

Númer: 3115- 008

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: 499135,323764

Lengd: 266 m

Breidd: 1.5 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Ofan við rúst [006] er garðlag sem er beint upp fra rústinni og nær 140 m í SSV og endar við slóðann upp á Reynisfjall. Þessi garður myndar jafnfram suðurhlið á matjurtargörðum [007] Alveg fast við aðra skörpu beyjuna sem er á veginum myndar þessi garður hól (Matjurtargarður) [009] er stærri en matjurtargarðarnir. Þetta sést á gamalli loftmynd¹⁵ en er alveg horfið í dag. Hlutar af garðinum þar sem hann er lengstur sjást þá enn á stöku stað. Liggur hann svo áfram að rúst [006] er rofin af veginum upp Reynisfjall en heldur áfram við rúst [021] og liggur meðfram göngustíg sem liggur niður í þorpið.

Minjalýsing: Garðurinn liggur í beinni línu SV-NA og er 140 m þar sem hann liggur beinn. Garðinn er út torfi og er um 0.3-0.5 m á hæð.

Númer 3115-: 009

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Heimild/Matjurtargarður

Staðsetning: 499100,323731

Lengd: 23 m

Breidd: 28 m

Ástand: Horfið

Staðhættir: Samfast við langa garðinn [008] gengur hól og myndar sá garður eina skammhlið. Virðist verða um að ræða matjurargarð eins og þeir sem eru ofna við garð [008] en þetta hól eða matjurargerður hefur verið umtalsvert stærra og hefur verið skipt í tvö hól

¹⁵ Loftmynd af www.map.is /innri

Minjalýsing: Hólfíð hefur verið 23x 28 m á lengd og sé vel á gamalli loftmynd af svæðinu frá miðri 20 öld. Veggir utan um þennan tvískipta matjurtargarð hafa verið úr torfi, en engin merki eru um þennan garð á svæðinu í dag.

Númer: 3115-010

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: 499049,323703

Lengd: 213 m

Breidd: 1.5 m

Staðhættir: Við veginn sem liggur upp á Reynisfjall er tún þar sem a.m.k tvö útihús og fleiri minjar. Sitt hvoru megin við veginn hafa verið garðar sem afmarkað hafa lítil tún.

Minjalýsing: Þessi garður er austanmegin við veginn. Á gömlum loftmyndum¹⁶ sést hann vel og hefur verið nokkuð hár. Hann er nokkuð greinilegur fram undir 2018 en þá virðist hann hafa horfið, mögulega vegna framkvæmda við veginn upp á Reynisfjall. Garðurinn afmarkar tún og hefur tengist garði [008].

Númer: 3115- 011

Hlutverk: Óþekkt/nátthagi

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: 499062,323697

Lengd: 11 m

Breidd: 6 m

Ástand: Illgeinanlegt

Staðhættir: Á túni innan við túngarðinn [010] sést fjárrétt á elstu loftmyndun¹⁷.

Minjalýsing: Réttin hefur verið fast við vesturhlið túngarðsins [010] sem er utan um túnið. Hún hefur verið 11x6 m og hefur verið inngangur í réttina á austurhlið, rétt við stórann stein sem er í NA horni



Mynd 11. Réttin sést aftan við rústina og er stórinn steinninn þar sem inngangur var í réttina. Tekið í NV. Ljósm. MHH

¹⁶ Loftmynd á www.map.is/innri

¹⁷ Loftmynd af www.map.is/innri

hennar. Líklega er um að ræða fjárrétt eða náttuga þar sem lömb hafa verið tekin frá mæðrum sínum á nóttini þegar fráfarur tíðkuðust. Túnið sjálf er girt af með görðum á alla kannta og þar hafa verið tvö útihús [012-013]. Rétt sér móta fyrir gerðinu í dag en steinninn er enn á sínum stað. Hæð er um 0.3 m

Númer: 3115- 012

Gamalt númer: 163072 205 - 38

Hlutverk: Fjárhús með hlöðu

Tegund: Tóft

Staðsetning: 499085,323677

Lengd: 13 m

Breidd: 6 m


Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: Fast við aðra beyjuna upp Reynisfjall er tún þar sem voru tvö útihús.

Minjalýsing: Rústin er tvö hól og hefur húsið greinilega verið fjárhús með lítilli hlöðu eða heytóft aftan við. Ekki virðist hafa verið innangengt á milli hlöðu og heygeymslu. Veggir eru um 1.70 m á hæð og hefur rústin verið úr torfi og grjóti. Rústin er greinileg og við innangang er turndurdufl sem hefur verið gert gat á og notað til að geyma og/eða safna vatni í til að brynna sauðfé.



Mynd 12. Útihúsið tekið í SA. Ljós. MHH



Teikning 4. Uppmæling af byggingu [012]

Númer: 3115-013

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: 499101,323674

Lengd: 12 m

Breidd: 6 m

Ástand: Nær alveg horfið

Staðhættir: Um 12 m austur af rúst [012] stóð annað fjárhús. Þetta fjárhús sést á gamalli loftmynd frá því um miðja síðustu öld¹⁸. Húsið mælist á þeirri mynd 12x6 m að stærð. Þetta hús er nær alveg horfið í dag, aðeins smá þúst þar sem gafl húsins var er greinanleg.

Minjalýsing: Þúst sem er um 4 m og hefur verið gafl húsins.

Númer: 3115-014

Hlutverk: Túngarður/varnargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: 499131,323655

Lengd: 47 m

Breidd: 2 m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: Fast við veginn upp Reynisfjall og ofna við mikið gil er garðlag.

Minjalýsing: Garðlagið liggur beint í AV og tekur svo 90 gráðu beyju til norðurs. Á gömlum loftmyndum frá miðri síðustu öld sést að garðlagið hefur líka farið frá 90 gráðu horni og niður gilið og náði það þar um 25 m niður. Sá hluti garðsins er nú horfin.



Mynd 13. Garðurinn þar sem hann liggur til austurs. Tekið í A. Ljósm. MHH

¹⁸ Loftmynd af www.map.is /innri

Númer: 3115- 015

Hlutverk: Óþekkt/gerði

Tegund: Hús/gerði

Staðsetning: 499119,323691

Lengd: 10 m

Breidd: 6 m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: Við veginn upp Reynisfjall má sjá steypa rúst af húsi og framan við það er fjárrétt. Lílega hefur verið um útihús af einhverju tagi. Steyptu veggirnir viðast hafa verið steyptir inn í gamla rúst því hleðslur eru utan við steypu veggina. Fast við er svo fjárrétt.

Minjalýsing: Réttin er 10x6 m á lengd og er hlaðin ú torfi og grjóti og er nokkuð vel gróin og er um 0.4 m á hæð. Húsið hefur verið 6x6 m á stærð sá hluti sem hefur verið hlaðinn og er eldri . Steypiti hlutinn er 4x4 m og er inní gömlu tóftinni.



Mynd 14. Gerðið og húsið sem steyp var inn í tóft. Tekið í NA. Ljós.MHH.

Númer3115-: 016

Hlutverk: Kartöflugeymsla

Tegund: Hús

Staðsetning: 499161,323710

Lengd: 10 m

Breidd: 6 m

Ástand: Gott

Staðhættir: Fast við veginn upp Reynisfjall er hús sem grafið er inn í brekkuna.

Minjalýsing: Húsið er líklega ekki nógu gamalt til að vera fornleif en gæti hæglega verið byggt á gömlum

rústum, Húsið er með hurð og hefur verið komið fyrir stífum úr járni til að halda þakinu uppi. Húsið er hlaðið og grafið inn í brekkuna, Innramál er töluvert minna en utanmál sem er gefið upp hér. Húsið er heilt og undir þaki með hurðakarmi en hurð er farin af hjörum og er inn í húsinu. Húsið er steipt að innan en gras er utan um allt húsið og á þaki þess.

Númer: 3115- 017

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: 499176,323672

Lengd: 6 m

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Alveg fast neðan við fyrstu beyjuna upp á veginum upp Reynisfjall er rúst.

Minjalýsing: Líklega hefur verið um úthús að ræða en húsið er fallið í rúst um miðja síðustu öld samkvæmt loftmynd frá þeim tíma¹⁹. Rústin er



Mynd 15. Húsið sem er með þaki og er líklega kartöflugeymsla. Tekið í V. Ljósm.MHH



Mynd 16. Í dag er lítið sjáanlegt af húsinu nema það vantar gras þar sem hún stóð. Tekið í S. Ljósm MHH

¹⁹ Loftmynd af www.map.is /innri

greinanleg en mjög sokkin í gróður. Hún hefur verið 6x5 á stærð og eru hleðslur í dag um 0.2 m

Númer: 3115-018

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: 499183,323679

Lengd: 49 m

Breidd: 1.m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Alveg við rúst [017] er garðlag sem liggur beit í norður og nær að rúst [019]

Minjalýsing: Garðurinn er ekki mjög greinegur í dag en þó má enn greina um 25 m af honum. Hann er 49 m á lengd og um 2 m á breidd og aðeins um 0.20 m á hæð.

Númer: 3115-019

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Rúst

Staðsetning: 499189,323726

Lengd: 11 m

Breidd: 5 m



Ástand: Slæmt

Staðhættir: Austan við veginn upp Reynisfjall er rúst.

Minjalýsing: Rústin er að hluta til grafin niður í brekkuna. Veggir eru hæstir um 1 m á hæð og eru úr torfi og grjóti. Rústin er 11 m á lengd og 5 m á breidd og hefur verið opin til austurs.



Mynd 17. Rústin tekið í S. Ljósm.MHH



Númer: 3115- 020

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: 499201,323742

Lengd: 8 m

Breidd: 4 m

Ástand: Nær horfið

Staðhættir: Um 8 m frá NA horni rústar [019] hefur verið annað hús, líklega einnig fjárhús.

Minjalýsing: Húsið sést sem rúst á loftmynd frá miðri síðust öld²⁰ enn má þó mjög óljóst greina útlínur rústar, Sem er um 0.20 m á hæð og alveg gróin. Húsi hefur verið 8x4 m og snúið langsum í NS

²⁰ Loftmynd af www.map.is /innri

Númer: 3115-021

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðsetning: 499196,323776

Lengd: 11 m

Breidd: 6 m


Ástand: Slæmt

Staðhættir: Fast við veginn upp á Reynisfjall þar sem gamli vegurinn kemur upp fjallið og í dag eru gatnamót við nýja veginn er rúst.

Minjalýsing: Rústin er út torfi og grjóti og er 11 m á lengd og 6 m á breidd. Veggir eru um 0.5 m á hæð og um 1 m á breidd.



Mynd 18. Rústin tekið í NA. Ljós. MHH



Teikning 5. Innmæling af rúst [21]

Númer: 3115- 022

Hlutverk: Matjurtargarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: 499463,323902

Lengd: 10 m

Breidd: 5 m

Ástand: Slæmt

Staðhættir: Um 34 m suður að þjóðveginum þar sem hann liggur inn í kaupúnið Vík eru leifar af kálgarði. Kálgarðurinn er á óbyggðu svæði milli Mýrarbrautar og Bakkabrautar.

Minjalýsing: Garðurinn er 10x 5 m að stærð. Hefur hann verið hlaðinn úr torfi og grjót og eru hleðslur grónar og um 0.20 m á hæð. Garðuin er ekki mjög greinilegur vegna gróðurs í dag,

Númer: 3115-023

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Vegur

Staðsetning: 499156,323730

Lengd: 55 m

Breidd: 2 m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: Gamall vegur er greinilegur upp Reynisfjall. Á sumum stöðum er hann undir núverandi vegi. Vegurinn er greinulegur á einum stað innan deiliskipulagsreits og það er við kartöflugeymsluna [016]

Minjalýsing: Vegurinn er upphlaðinn og er um 0.5 m á hæð og liggur í sveig framhjá kartöflugeymsluni. Vegurinn er gróinn.



Mynd 19. Gamli vegurinn upp fjallið sést á myndinni

Númer: 3115- 024

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag


Staðsetning: 499064,3

Lengd: 132 m

Breidd: 1 ½ m

Ástand: Sæmilegt

Staðhættir: Fast við veginn upp á Reynisfjall, sunnanmegin alveg á útjaðri deiliskipulags er garðlag sem liggur meðfram veginum og beygir svo með skorpu horni til vesturs að gamla veginum.



Mynd 20. Garður [024] er vinstra megin við veginn en garður [010] er hægra megin. Mynd: skjáskot af kortasjá Loftmynda ehf.

Minjalýsing: Garðurinn virðist ekki vega mjög forn og er í dag nokkuð raskaður og horfin neðst líklega vega vegbóta á vegi.

4. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru skráð 24 minjanúmer innan deiliskipulagsreits. Greinilegt er að á svæðinu voru matjurtargarðar og þar hefur fólk haft fé í litlum fjárhúsum. Líklega var þetta allt nýtt af fólki sem bjó í Vík. Ekkert af þessu virðist vera mjög fornt og líklegt að flestar minjar séu frá síðari hluta 19. aldar og fram til loka 20. aldar. Gamall vegur liggur í gegnum svæðið.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru útsýnispallur á veginum upp Reynisfjall [Sjá kort 2] annarsvegar og hinsvegar framkvæmdir á Mýrarbraut 3-11-14 og Bakkabraut 8- 9. [sjá kort 2] Við framkvæmdir við útsýnispall er garður þar sem bílastæði er áformað og er hann er raskaður nú þegar þar sem stæðið á að vera, Aftan við lóð 10 er rúst [022] en hún er ekki inn reit og er því ekki í hættu.

5. HEIMILDASKRÁ

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. Annað bindi 1253-1350. 1893. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. Níunda bindi 1262-1536. 1909-1913. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Sýslu-og Sóknarlýsingar Hins íslenskabókmenntafélags 1839-1873. Reykjavík 1997,

Katrín Gunnarsdóttir. 2004. *Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal Norður-Vík / SuðurVík og húsakönnun: Könnun og mat á húsum í Vík.*


Sunnlenzkar byggðir VI, Skaftárþing. Búnaðarsamband Suðurlands. Reykjavík. 1985,

Herforingaráðskort 69 NV: Vík. 1:10.000. Mælt 1903.Landmælingar Íslands

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

6. HNITASKRÁ

1	tóft	499191	323892
2	garðlag	499176	323901
3	niðurgröftur	499200	323861
4	þúst	499123	323886
5	garðlag	499151	323845
6	tóft	499171	323779
7	garðlag	499157	323777
8	garðlag	499135	323764
9	garðlag	499100	323731
10	garðlag	499049	323703
11	hleðsla	499062	323697
12	tóft	499085	323677
13	heimild	499101	323674
14	garðlag	499131	323655
15	húsgrunnur	499119	323691
16	hús	499161	323710
17	tóft	499176	323672
18	garðlag	499183	323679
19	tóft	499189	323726
20	tóft	499201	323742
21	tóft	499196	323776
22	garðlag	499463	323902
23	vegur	499156	323730
24	garðlag	499064	323661



Kort 3. Innmæling af minjum. Kortagrunnur: Google